

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/1002
komudagur 4.3.2009

Reykjavík 3. mars 2009.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 290. mál.

Sjómannasamband Íslands fagnar fram komnu frumvarpi um lögskráningu sjómanna. Samkvæmt núgildandi lögum er aðeins skylt að lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn að stærð eða stærri og hefur Sjómannasamband Íslands lengi talað fyrir því að þessu verði breytt á þann veg að skylt verði að lögskrá á öll skip sem gerð eru út í atvinnuskyni. Var því lengi borið við að erfitt væri að koma lögskráningu við á smærri bátum vegna fjölda þeirra. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að tekin verði upp rafræn lögskráning sjómanna sem auðveldar og einfaldar alla umsýslu og framkvæmd lögskráningarinnar er ekkert því til fyrirstöðu lengur að að taka upp lögskráningu á smærri skipin. Á síðasta þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var dagana 4. og 5. desember 2008 var m.a. ályktað um málið, en í ályktuninni segir:

„26. þing Sjómannasambands Íslands fagnar því að frumvarp sé í burðarliðnum þar sem skylt verður að lögskrá skipverja á öll skip sem gerð eru út í atvinnuskyni. Þá verður skylt að lögskrá skipverja á smábátaflotann og þannig að fylgjast með því hverjir eru um borð og að réttindi og hæfæri sé til staðar. Þingið hvetur samgönguráðherra til að leggja frumvarpið sem fyrst fyrir Alþingi og hvetur jafnframt alþingismenn til að samþykkja frumvarpið svo það verði sem fyrst að lögum. Þingið telur það mikla réttarbót fyrir smábátasjómenn að skylt verði að lögskrá á smábátana með sama hætti og á stærri skipin.“

Samkvæmt framansögðu skorar því Sjómannasamband Íslands á Alþingi að samþykkja frumvarpið sem fyrst.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson